

## Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 20. febrúar 2024 var haldinn annar fundur ársins 2024 í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkur. Fundurinn hófst kl. 8:00 í Fossvogi. Mætt voru: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson meðstjórnandi, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, Bryndís Malla Elídóttir og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
  2. Lykiltölur og rekstur
  3. Líkhúsmál
  4. Starfsmannamál
  5. Merkingar og merki
  6. Önnur mál
- 
1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
  2. Kynntar voru lykiltölur úr rekstri árins 2023. Rekstrartap af reglulegri starfsemi voru um 81 milljón. Tap að teknu tilliti til annarra liða og fjármagslið var 31 milljón á árinu 2023. Farið var í aðhaldsaðgerðir á árinu 2023 sem skila sér fyrst og fremst á árinu 2024. Lögbundnar tekjur stóðu nánast í stað á milli áranna 2022 og 2023. Sjóðsflæði var þó jákvætt um 2,5 milljónir á árinu 2023. Kistugrafir voru 58 í janúar sem er fækkun um eina gröf á milli ára. Fjöldi jarðsetninga á duftkerjum í janúar voru 20 samanborið við 13 á árinu áður. Bálfarir voru 99 í janúar en voru 131 á sama tíma á árinu 2023.
  3. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu líkhúsmála. Ljóst er að ekkert má út af bregða varðandi líkhúsið. Búið er að loka líkgeymslu sem var hugsuð fyrir óþekkt lík og lík sem lögreglan vill geyma til lengri tíma. Lögreglu og útfararstofum hefur verið gerð grein fyrir lokuninni. Ekki er gert ráð fyrir að líkgeymslan opni aftur. Um 3-4 lík hafa komist fyrir í þessari geymslu. Bilun kom upp í líkhúsini þar sem 83 til 85 lík komast fyrir. Kælikerfið var ekki virkt í nokkra klukkutíma. Sem betur fer tókst að gera við bilunina en þjónustaðili kerfisins mun ekki geta sinnt núverandi kerfi. Eins og kynnt var í bréfi til allra hagaðila í lok síðasta árs gæti líkhúsið bilað fyrirvara laust og það ekki opnað aftur á meðan reksturinn er ekki tryggður.
  4. Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál. Verið er að ráða nýtt starfsfólk sem gengur vel en áfram er gert ráð fyrir færri stöðugildum. Gert er ráð fyrir að gera reglulegar starfsmannakannanir. Markmiðið er m.a. að fylgja eftir stefnumótun og finna tækifæri til þess að bæta vinnustaðinn.
  5. Farið var yfir tillögur að merkingum í görðunum og nýju merki fyrir Kirkjugarða Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri fór yfir þær merkingar sem fyrir eru. Lögð verður meiri áhersla á að bjóða fólk velkomið í garðinn og hafa merkingar sem endurspeglar stefnumótun garðanna og útbúa nýtt vörumerki fyrir garðana.
  6. Undir liðnum önnur mál var m.a. rætt um árshátið starfsfólks.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 10.

Egil Heiðar Gíslason  
Kristján Guðmundsson  
Emilía G. Svavarsdóttir  
Bryndís Malla Elídóttir  
Ingvar Stefánsson

Ingvar Stefánsson  
Bryndís Malla Elídóttir